

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2023/173

2023/EES/83/28

frá 26. janúar 2023

um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir 1-metýl-3-(tríflúorómetýl)-1H-pýrasól-4-karboxamíð (PAM), sýkloxýdím, sýflúmetófen, sýflútrín, metóbrómúrón og penþíópýrað í eða á tilteknum afurðum (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og föðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE (1), einkum a-lið 1. mgr. 14. gr. og 2. mgr. 49. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í A-hluta III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 voru fastsett hámarksgildi leifa fyrir sýkloxýdím, sýflúmetófen og penþíópýrað. Í II. og III. viðauka við þá reglugerð voru fastsett hámarksgildi leifa fyrir sýflútrín. Engin hámarksgildi leifa voru fastsett fyrir 1-metýl-3-(tríflúorómetýl)-1H-pýrasól-4-karboxamíð (PAM) og metóbrómúrón í reglugerð (EB) nr. 396/2005 og þar eð þessi virku efni hafa ekki verið færð á skrá í IV. viðauka við þá reglugerð gildir staðalgildi, sem nemur 0,01 mg/kg, sem mælt er fyrir um í b-lið 1. mgr. 18. gr. þeirrar reglugerðar.
- 2) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) lagði fram rökstutt álit um gildandi hámarksgildi leifa fyrir betasýflútrín og sýflútrín í samræmi við 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 (2). Matvælaöryggisstofnunin staðfesti í rökstuddu álitu sínu skilgreininguna á leifum sem „sýflútrín ásamt öðrum blöndum skyldra hverfna (summa hverfnanna)“. Þar eð betasýflútrín er slík hverfa sýflútríns ná hámarksgildi leifa sem eru fastsett fyrir sýflútrín einnig yfir betasýflútrín. Hvorugt þessara efna er lengur samþykkt sem virkt efni til notkunar á plöntuverndarvörum í ESB. Þess vegna lagði Matvælaöryggisstofnunin mat á hámarksgildi leifa á grundvelli notkunar á plöntuverndarvörum utan ESB, s.s. þau sem Alþjóðamatvælaáskráráðið hefur sem stendur fastsett (CXL-hámarksgildi) og innflutningsvikmörk sem aðildarríkin tilkynna um. Matvælaöryggisstofnunin tók einnig tillit til leyfðrar notkunar á sýflútríni í dýralyf fyrir nautgripi og sauðfé og hámarksgilda leifa sem voru fastsett í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 470/2009 (3). Matvælaöryggisstofnunin mælti með því að lækka hámarksgildi leifa fyrir epli, perur, kartöflur, paprikur, höfuðkál, aldinkrydd, krydd úr rótum og jarðstönglum, svín (vöðva, lifur, nýru), nautgripi, (vöðva,

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttð. ESB L 25, 27.1.2023, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 256/2023 frá 27. Október 2023 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjttð. ESB L 70, 16.3.2005, bls. 1.

(2) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, „Reasoned opinion on the review of the existing maximum residue levels for beta-cyfluthrin and cyfluthrin according to Article 12 of Regulation (EC) No 396/2005“. *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2021 19(9), 6837.

(3) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 frá 6. maí 2009 um málsmeðferð Bandalagsins við ákvörðun viðmiðunargilda fyrir leifar lyfjafraðilega virkra efna í matvælum úr dýraríkinu, um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2001/82/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004. Stjttð. ESB L 152, 16.6.2009, bls. 11.

lifur, nýru), sauðfé (vöðva, lifur, nýru), geitur (vöðva, lifur, nýru), hesta (vöðva, lifur, nýru), alifugla (vöðva, fitu, lifur), mjólk úr hestum og fuglsegg. Matvælaöryggisstofnunin mælti með því að hækka hámarksgildi leifa fyrir greipaldin, appelsínur, sitrónur, súraldin, mandarínur, tómata, eggaldin, repjufræ og baðmullarfræ. Enn fremur mælti Matvælaöryggisstofnunin með því að viðhalda gildandi hámarksgildum leifa fyrir sojabaunir, fitu (svín, nautgripir, sauðfé, geitur, hestar) og mjólk (nautgripir, sauðfé og geitur) þar sem fullnægjandi gögn til stuðnings varðandi góðar starfsvenjur í landbúnaði voru lögð fram og Matvælaöryggisstofnunin lagði mat á þau. Þar eð engin áhætta er fyrir hendi fyrir neytendur þykir rétt að fastsetja hámarksgildi leifa fyrir allar framangreindar afurðir í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 við gildandi gildi eða gildið sem Matvælaöryggisstofnunin hefur tilgreint.

- 3) Að því er varðar notkun á betasýflútríni og sýflútríni á blómkál greindi Matvælaöryggisstofnunin hugsanlega bráða áhættu fyrir neytendur ef CXL-hámarksgildi væru fastsett fyrir blómkál. Þess vegna verður hámarksgildi leifa lækkað í staðalgildi sem nemur 0,01 mg/kg.
- 4) Matvælaöryggisstofnunin komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að tiltekna upplýsingar vantaði um hámarksgildi leifa fyrir bygg og hveiti og að þörf væri á frekari athugun áhættustjórnenda. Þó svo að þessi hámarksgildi séu talin örugg verða þau endurskoðuð; í endurskoðuninni verður tekið tillit til upplýsinga sem verða tiltækar innan tveggja ára frá birtingu þessarar reglugerðar. Þar eð engin áhætta er fyrir hendi fyrir neytendur þykir rétt að fastsetja hámarksgildi leifa fyrir sýflútrín að því er varðar bygg og hveiti í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 við gildið sem Matvælaöryggisstofnunin hefur tilgreint.
- 5) Að því er varðar sýkloxýdím lagði Matvælaöryggisstofnunin fram rökstutt álit um gildandi hámarksgildi leifa í samræmi við 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 <sup>(4)</sup>. Matvælaöryggisstofnunin mælti með því að lækka hámarksgildi leifa fyrir epli, perur, apríkósur, ferskjur, vínber til neyslu og vínþrúgur, hnúðsillur/hnúðsellerí, ertur (ferskar, með fræbelg), hnúðfennikur, ætíþistla, repjufræ, sykurrófurætur og alifugla (vöðva, fitu, lifur). Hún mælti með því að hækka hámarksgildi leifa fyrir jarðarber, kartöflur, sætar kartöflur, rauðrófur, piparrót, nípur, steinseljurætur, radísur, hafursrætur, gulrófur, næpur, hvítlauk, skalottlauka, spergilkál, blómkál, rósakál, höfuðkál, hnúðkál, klettasalat, sinnepskál, nýblöð af plöntum (þ.m.t. tegundum af ættkvíslinni *Brassica*), súpugull, blaðbeðjur, kryddjurtir og æt blóm, baunir (án fræbelgs), linsubaunir, lúpínur/lúpínubaunir, valmúafra, sólblómafra, sinnepsfra, baðmullarfra, hjólkrónufra, nautgripi (vöðva, fitu, nýru), sauðfé (vöðva, fitu, nýru), geitur (vöðva, fitu, nýru), hesta (vöðva, fitu, nýru), mjólk (nautgripir, sauðfé, geitur, hestar) og fuglsegg. Að því er varðar jarðarber mælti Matvælaöryggisstofnunin með því að hækka hámarksgildi leifa í samræmi við fyrra rökstutt álit sitt um hámarksgildi leifa fyrir þetta virka efni <sup>(5)</sup>. Þar eð hefur þegar verið fjallað um þetta í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/976 <sup>(6)</sup> er gildandi hámarksgildi leifa, sem er fastsett fyrir jarðarber með þessari reglugerð, viðhaldið. Hún mælti með því að viðhalda þessum gildandi hámarksgildum leifa fyrir aðrar afurðir þar sem fullnægjandi gögn til stuðnings varðandi góðar starfsvenjur í landbúnaði voru lögð fram og Matvælaöryggisstofnunin lagði mat á þau. Þar eð engin áhætta er fyrir hendi fyrir neytendur þykir rétt að fastsetja hámarksgildi leifa fyrir allar framangreindar afurðir í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 við gildandi gildi eða gildin sem Matvælaöryggisstofnunin hefur tilgreint.
- 6) Matvælaöryggisstofnunin komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að tiltekna upplýsingar vantaði um hámarksgildi leifa fyrir vorlauka og pipulauka, vorsalat/strábrúðu, breiðblaða salatfífla, karsa og aðrar spíurur og sprota, vetrarkarsa, mais og jurtate úr rötum og að þörf væri á frekari athugun áhættustjórnenda. Þó svo að þessi hámarksgildi séu talin örugg verða þau endurskoðuð; í endurskoðuninni verður tekið tillit til upplýsinga sem verða tiltækar innan tveggja ára frá birtingu þessarar reglugerðar. Þar eð engin áhætta er fyrir hendi fyrir neytendur þykir rétt að fastsetja hámarksgildi leifa fyrir sýkloxýdím fyrir allar framangreindar afurðir í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 við gildið sem Matvælaöryggisstofnunin hefur tilgreint.

<sup>(4)</sup> Matvælaöryggisstofnun Evrópu, „Reasoned opinion on the review of the existing maximum residue levels for cycloxydim according to Article 12 of Regulation (EC) No 396/2005“. *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2020 18(1), 5962.

<sup>(5)</sup> „Reasoned Opinion on the modification of the existing maximum residue level for cycloxydim in strawberries.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2018 16(8), 5404.

<sup>(6)</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/976 frá 4. júní 2021 um breytingu á II., III. og IV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir sýkloxýdím, mepíkvat, *Metschnikowia fructicola* af stofni NRRL Y-27328 og próhexadíón í eða á tilteknum afurðum. Stj.íð. ESB L 216, 18.6.2021, bls. 1.

- 7) Að því er varðar sýflúmetófen lagði Matvælaöryggisstofnunin fram rökstutt álit um gildandi hámarksgildi leifa í samræmi við 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 (7). Hún mælti með því að viðhalda gildandi hámarksgildum leifa fyrir sitrusávexti, trjáhnetur, kjarnaávexti, apríkósur, ferskjur, vínber til neyslu og vínþrúgur, jarðarber, eplapyniber/Miðjarðarhafstrjámisþalsaldin, gallaldin, tómata, eggaldin, gúrkur og humla þar sem fullnægjandi gögn til stuðnings varðandi góðar starfsvenjur í landbúnaði voru lögð fram og Matvælaöryggisstofnunin lagði mat á þau. Þar eð engin áhætta er fyrir hendi fyrir neytendur þykir rétt að fastsetja hámarksgildi leifa fyrir þessar afurðir í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 við gildið sem Matvælaöryggisstofnunin hefur tilgreint.
- 8) Matvælaöryggisstofnunin komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að tiltekna upplýsingar vantaði um hámarksgildi leifa fyrir svín (vöðva, fitu, lifur, nýru), nautgripi (vöðva, fitu, lifur, nýru), sauðfé (vöðva, fitu, lifur, nýru), geitur (vöðva, fitu, lifur, nýru), hesta (vöðva, fitu, lifur, nýru) og mjólk (nautgripir, sauðfé, geitur, hestar) og að þörf væri á frekari athugun áhættustjórnenda. Þó svo að þessi hámarksgildi séu talin örugg verða þau endurskoðuð; í endurskoðuninni verður tekið tillit til upplýsinga sem verða tiltækar innan tveggja ára frá birtingu þessarar reglugerðar. Þar eð engin áhætta er fyrir hendi fyrir neytendur þykir rétt að fastsetja hámarksgildi leifa fyrir sýflúmetófen fyrir allar framangreindar afurðir í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 við gildið sem Matvælaöryggisstofnunin hefur tilgreint.
- 9) Að því er varðar metóbrómúrón lagði Matvælaöryggisstofnunin fram rökstutt álit um gildandi hámarksgildi leifa í samræmi við 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 (8). Hún lagði til að skilgreiningu á leifum yrði breytt í summu metóbrómúróns og 4-brómófenýlpvagsýru, gefin upp sem metóbrómúrón.
- 10) Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að tiltekna upplýsingar vantaði um hámarksgildi leifa fyrir jarðarber, kartöflur, gulrætur, nipur, vorsalat/strábrúðu, spínat, brunnerlu, blöð af sellerí, steinselju, salvíu, garðablóðberg, basilíku og æt blóm, baunir (með fræbelg), baunir (án fræbelgs), spergla, hnúðfenníkur, baunir, ertur, sólblómafræ, sojabaunir, svín (vöðva, fitu, lifur, nýru), nautgripi (vöðva, fitu, lifur, nýru), sauðfé (vöðva, fitu, lifur, nýru), geitur (vöðva, fitu, lifur, nýru), hesta (vöðva, fitu, lifur, nýru) og mjólk (nautgripir, sauðfé, geitur, hestar) og að þörf væri á frekari athugun áhættustjórnenda. Þó svo að þessi hámarksgildi séu talin örugg fyrir neytendur verða þau endurskoðuð; í endurskoðuninni verður tekið tillit til upplýsinga sem verða tiltækar innan tveggja ára frá birtingu þessarar reglugerðar. Þar eð engin áhætta er fyrir hendi fyrir neytendur þykir rétt að fastsetja hámarksgildi leifa fyrir metóbrómúrón fyrir allar framangreindar afurðir í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 við gildið sem Matvælaöryggisstofnunin hefur tilgreint.
- 11) Að því er varðar penþíópýrað lagði Matvælaöryggisstofnunin fram rökstutt álit um gildandi hámarksgildi leifa í samræmi við 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005 (9). Að því er varðar afurðir úr dýraríkinu lagði hún til tvær aðskildar skilgreiningar á leifum, „penþíópýrað“ og „1-metýl-3-(tríflúorómetýl)-1H-pýrasól-4-karboxamíð“, til að ná yfir tilvist umbrotsefnisins 1-metýl-3-(tríflúorómetýl)-1H-pýrasól-4-karboxamíð (PAM) vegna notkunar á penþíópýraði í afurðir úr dýraríkinu. Matvælaöryggisstofnunin mælti með því að lækka hámarksgildi leifa fyrir apríkósur, ferskjur og hafra. Hún mælti með því að hækka hámarksgildi leifa fyrir rúg og hveiti. Hún mælti með því að viðhalda gildandi hámarksgildum leifa fyrir aðrar afurðir þar sem fullnægjandi gögn til stuðnings varðandi góðar starfsvenjur í landbúnaði voru lögð fram og Matvælaöryggisstofnunin lagði mat á þau. Þar eð engin áhætta er fyrir hendi fyrir neytendur þykir rétt að fastsetja hámarksgildi leifa fyrir þessar afurðir í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 við gildandi gildi eða gildið sem Matvælaöryggisstofnunin hefur tilgreint.
- 12) Matvælaöryggisstofnunin komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að tiltekna upplýsingar vantaði um hámarksgildi leifa fyrir vorlauka og pípulauka, vorsalat/strábrúðu, salat, karsa og aðrar spíur og sprota, vetrarkarsa, klettasalat, sinnepskál, nýblöð af plöntum (þ.m.t. tegundum af ættkvíslinni *Brassica*), spínat, súpugull, blaðbeðjur, kerfil, graslauk, salatþistla,

(7) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, „Reasoned opinion on the review of the existing maximum residue levels for cyflumetofen according to Article 12 of Regulation (EC) No 396/2005“. *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2021 19(8), 6812.

(8) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, „Reasoned opinion on the review of the existing maximum residue levels for metobromuron according to Article 12 of Regulation (EC) No 396/2005“. *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2021 19(9), 6841.

(9) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, „Reasoned opinion on the review of the existing maximum residue levels for penthiopyrad according to Article 12 of Regulation (EC) No 396/2005“. *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2021 19(9), 6810.

sellerí, hnúðfennikur, blaðlauka, rabarbara, baðmullarfræ, bygg og dúrru og að þörf væri á frekari athugun áhættustjórnenda. Þó svo að þessi hámarksgildi séu talin örugg verða þau endurskoðuð; í endurskoðuninni verður tekið tillit til upplýsinga sem verða tiltækar innan tveggja ára frá birtingu þessarar reglugerðar. Þar eð engin áhætta er fyrir hendi fyrir neytendur þykir rétt að fastsetja hámarksgildi leifa fyrir penþíópýrað fyrir allar framangreindar afurðir í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 við gildið sem Matvælaöryggisstofnunin hefur tilgreint.

- 13) Að því er varðar 1-metýl-3-(tríflúorómetýl)-1H-pýrasól-4-karboxamíð (PAM), sem er helsta umbrotsefni penþíópýraðs, mælti Matvælaöryggisstofnunin með því, á grundvelli efnaskiptarannsóknna á penþíópýraði í búfæ, að fastsetja hámarksgildi leifa við magngreiningarmörk í afurðum úr dýraríkinu. Að því er varðar vörur úr jurtaríkinu lagði Matvælaöryggisstofnunin ekki til nein hámarksgildi leifa þar eð umbrotsefnið skiptir ekki máli fyrir vörur úr jurtaríkinu. Enn fremur getur 1-metýl-3-(tríflúorómetýl)-1H-pýrasól-4-karboxamíð (PAM) komið fyrir frá náttúrunnar hendi í vörum úr jurtaríkinu og ekki þykir rétt að fastsetja hámarksgildi leifa við staðalgildi sem nemur 0,01 mg/kg. Því er rétt að skýra í II. viðauka að staðalgildið sem nemur 0,01 mg/kg fyrir 1-metýl-3-(tríflúorómetýl)-1H-pýrasól-4-karboxamíð (PAM) gildir ekki um vörur úr jurtaríkinu. Þar eð engin áhætta er fyrir hendi fyrir neytendur þykir rétt að fastsetja hámarksgildi leifa í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 við gildið sem Matvælaöryggisstofnunin hefur tilgreint. Matvælaöryggisstofnunin lagði mat á gildandi CXL-hámarksgildi í rökstuddum álitum sínum. Við fastsetningu á hámarksgildum leifa tók framkvæmdastjórnin tillit til þeirra CXL-hámarksgilda sem teljast örugg fyrir neytendur í Sambandinu.
- 14) Að því er varðar afurðir þar sem notkun viðkomandi plöntuverndarvöru er ekki heimiluð í Sambandinu og þar sem ekki liggja fyrir innflutningsvikmörk eða CXL-hámarksgildi ætti að fastsetja hámarksgildi leifa við magngreiningarmörkin eða við staðalgildi, sem nemur 01 mg/kg, eins og kveðið er á um í b-lið 1. mgr. 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 396/2005.
- 15) Framkvæmdastjórnin hafði samráð við tilvísunarrannsóknarstofur Evrópusambandsins fyrir varnarefnaleifar varðandi nauðsyn þess að aðlaga tiltekin magngreiningarmörk. Þessar rannsóknarstofur lögðu til vörusértæk magngreiningarmörk, sem unnt er að ná að greina, fyrir öll virku efnin sem falla undir þessa reglugerð.
- 16) Samráð hefur verið haft við viðskiptaaðila Sambandsins, fyrir milligöngu Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, um ný hámarksgildi leifa og tillit hefur verið tekið til athugasemda þeirra. Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 396/2005 til samræmis við það.
- 17) Að því er varðar 1-metýl-3-(tríflúorómetýl)-1H-pýrasól-4-karboxamíð (PAM), sýkloxýdím, sýflúmetófen, sýflútrín, metóbrómúrón og penþíópýrað, til að koma megi við eðlilegri markaðssetningu, vinnslu og neyslu afurða, ætti þessi reglugerð ekki að gilda um afurðir sem hafa verið framleiddar í Sambandinu eða fluttar inn til Sambandsins áður en breytt hámarksgildi leifa koma til framkvæmda og þar sem upplýsingar sýna að öflugri heilsuvernd neytenda sé viðhaldið.
- 18) Áður en breytt hámarksgildi leifa taka gildi ætti að veita aðildarríkjum, þriðju löndum og stjórnendum matvælafyrirtækja hæfilegan frest til að aðlaga sig til að þau geti uppfyllt kröfurnar sem leiða af breytingunni á hámarksgildum leifa.
- 19) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fôður.

#### SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

##### 1. gr.

Ákvæðum II. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

##### 2. gr.

Að því er varðar 1-metýl-3-(tríflúorómetýl)-1H-pýrasól-4-karboxamíð (PAM), sýkloxýdím, sýflúmetófen, sýflútrín, metóbrómúrón og penþíópýrað í og á öllum afurðum gildir reglugerð (EB) nr. 396/2005, eins og sú reglugerð var áður en henni var breytt með þessari reglugerð, áfram um afurðir sem voru framleiddar í Sambandinu eða fluttar inn til Sambandsins fyrir 16. ágúst 2023.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 16. ágúst 2023.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 26. janúar 2023.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

\_\_\_\_\_

VIÐAUKI

Reglugerð (EB) nr. 396/2005 er breytt sem hér segir:

1) Í II. viðauka er eftirfarandi dálkum bætt við fyrir 1-metýl-3-(tríflúorómetýl)-1H-pýrasól-4-karboxamíð (PAM), sýkloxydíum, sýflúmetófen, metóbrómúrón og penþíópýrað:

„Varnarefnaleifar og hámarksgildi leifa (mg/kg)

| Kenninúmer | Flokkar og dæmi um einstakar afurðir sem hámarksgildi leifa eiga við um <sup>(a)</sup> | 1-metýl-3-(tríflúorómetýl)-1H-pýrasól-4-karboxamíð (PAM) | Sýkloxydíum þ.m.t. niðurbrots- og myndefni sem getur verið ákvarðað sem 3(3-þíaní)glútarísýra S-díoxíð (BH 517-TGSO2) og/eða 3-hýdroxý-3-(þíaní) glútarísýra S-díoxíð (BH 517-5-OH-TGSO2) eða afleiður þess, reiknað út í heild sem sýkloxydíum | Sýflúmetófen (summa hverfna) | Penþíópýrað (F) | Summa metóbrómúróns og 4-brómófenýlþvagsýnu, gefin upp sem metóbrómúrón |
|------------|--|--|---|------------------------------|-----------------|---|
| 1)         | 2)   | 3)   | 4)  | 5)                           | 6)              | 7)  |
| 010000     | <b>NÝ eða FRYST ALDIN, TRJÁHNETUR</b>  |  |   |                              |                 | <b>0,02 (*)</b>   |
| 011000     | <b>Sítusávextir</b>  |  | <b>0,09 (*)</b>   | 0,5                          | 0,01 (*)        |   |
| 0110010    | Greipaldin   |  |   |                              |                 |   |
| 0110020    | Appelsínur   |  |   |                              |                 |   |
| 0110030    | Sítrónur   |  |   |                              |                 |   |
| 0110040    | Súraldin   |  |   |                              |                 |   |
| 0110050    | Mandarínur   |  |   |                              |                 |   |
| 0110990    | Annað (2)  |  |   |                              |                 |   |
| 012000     | <b>Trjáhnetur</b>  |  | <b>0,09 (*)</b>   | 0,01 (*)                     | 0,05            |   |
| 0120010    | Möndlur  |  |   |                              |                 |   |
| 0120020    | Parahnetur   |  |   |                              |                 |   |
| 0120030    | Kasúhnetur   |  |   |                              |                 |   |
| 0120040    | Kastaníuhnetur   |  |   |                              |                 |   |
| 0120050    | Kókoshnetur  |  |   |                              |                 |   |

| 1)      | 2)                      | 3) | 4)              | 5)              | 6)       | 7)         |
|---------|-------------------------|----|-----------------|-----------------|----------|------------|
| 0120060 | Heslihnetur             |    |                 |                 |          |            |
| 0120070 | Goðahnetur              |    |                 |                 |          |            |
| 0120080 | Pekanhnetur             |    |                 |                 |          |            |
| 0120090 | Furuhnetukjarnar        |    |                 |                 |          |            |
| 0120100 | Pistasíuhnetur          |    |                 |                 |          |            |
| 0120110 | Valhnetur               |    |                 |                 |          |            |
| 0120990 | Annað (2)               |    |                 |                 |          |            |
| 0130000 | <b>Kjarnaávéxtir</b>    |    | <b>0,09 (*)</b> | 0,4             | 0,5      |            |
| 0130010 | Epli                    |    |                 |                 |          |            |
| 0130020 | Perur                   |    |                 |                 |          |            |
| 0130030 | Kveði                   |    |                 |                 |          |            |
| 0130040 | Trjámisspilsaldin       |    |                 |                 |          |            |
| 0130050 | Dúnepli/japansplómur    |    |                 |                 |          |            |
| 0130990 | Annað (2)               |    |                 |                 |          |            |
| 0140000 | <b>Steinaldin</b>       |    | <b>0,09 (*)</b> |                 |          |            |
| 0140010 | Apríkósur               |    |                 | 0,3             | <b>3</b> |            |
| 0140020 | Kirsuber (sæt)          |    |                 | <b>0,01 (*)</b> | 4        |            |
| 0140030 | Ferskjur                |    |                 | 0,3             | <b>3</b> |            |
| 0140040 | Plómur                  |    |                 | <b>0,01 (*)</b> | 1,5      |            |
| 0140990 | Annað (2)               |    |                 | <b>0,01 (*)</b> | 0,01 (*) |            |
| 0150000 | <b>Ber og smá aldin</b> |    |                 |                 |          |            |
| 0151000 | a) <b>Þrúgur</b>        |    | <b>0,3</b>      | 0,6             | 0,01 (*) |            |
| 0151010 | Vínber til neyslu       |    |                 |                 |          |            |
| 0151020 | Vínþrúgur               |    |                 |                 |          |            |
| 0152000 | b) <b>Jarðarber</b>     |    | 4               | 0,6             | 3        | <b>(+)</b> |
| 0153000 | c) <b>Klungurber</b>    |    | <b>0,09 (*)</b> | <b>0,01 (*)</b> | 0,01 (*) |            |
| 0153010 | Brómber                 |    |                 |                 |          |            |
| 0153020 | Daggarber               |    |                 |                 |          |            |

| 1)      | 2)                                    | 3) | 4)              | 5)              | 6)       | 7) |
|---------|---------------------------------------|----|-----------------|-----------------|----------|----|
| 0153030 | Hindber (rauð og gul)                 |    |                 |                 |          |    |
| 0153990 | Annað (2)                             |    |                 |                 |          |    |
| 0154000 | <b>d) Önnur smá aldin og ber</b>      |    | <b>0,09 (*)</b> |                 |          |    |
| 0154010 | Aðalbláber                            |    |                 | <b>0,01 (*)</b> | 0,01 (*) |    |
| 0154020 | Trönuber                              |    |                 | <b>0,01 (*)</b> | 0,01 (*) |    |
| 0154030 | Rífsber (rauð og hvít) og sólber      |    |                 | <b>0,01 (*)</b> | 0,01 (*) |    |
| 0154040 | Stíkilsber (græn, rauð og gul)        |    |                 | <b>0,01 (*)</b> | 0,01 (*) |    |
| 0154050 | Rósaldin                              |    |                 | <b>0,01 (*)</b> | 0,01 (*) |    |
| 0154060 | Mórber (svört og hvít)                |    |                 | <b>0,01 (*)</b> | 0,01 (*) |    |
| 0154070 | Eplapýmiber/Miðjarðarhafstrjámisaldin |    |                 | 0,4             | 0,4      |    |
| 0154080 | Yllyber                               |    |                 | <b>0,01 (*)</b> | 0,01 (*) |    |
| 0154990 | Annað (2)                             |    |                 | <b>0,01 (*)</b> | 0,01 (*) |    |
| 0160000 | <b>Ýmis aldin með</b>                 |    | <b>0,09 (*)</b> |                 |          |    |
| 0161000 | <b>a) Ætu hýði</b>                    |    |                 |                 |          |    |
| 0161010 | Döðlur                                |    |                 | <b>0,01 (*)</b> | 0,01 (*) |    |
| 0161020 | Fíkjur                                |    |                 | <b>0,01 (*)</b> | 0,01 (*) |    |
| 0161030 | Ólífur til átu                        |    |                 | <b>0,01 (*)</b> | 0,01 (*) |    |
| 0161040 | Gullappelsínur                        |    |                 | <b>0,01 (*)</b> | 0,01 (*) |    |
| 0161050 | Stjörnualdin                          |    |                 | <b>0,01 (*)</b> | 0,01 (*) |    |
| 0161060 | Gallaldin                             |    |                 | 0,4             | 0,4      |    |
| 0161070 | Jövuplómur                            |    |                 | <b>0,01 (*)</b> | 0,01 (*) |    |
| 0161990 | Annað (2)                             |    |                 | <b>0,01 (*)</b> | 0,01 (*) |    |
| 0162000 | <b>b) Óætu hýði, lítil</b>            |    |                 | <b>0,01 (*)</b> | 0,01 (*) |    |
| 0162010 | Kívi (græn, rauð, gul)                |    |                 |                 |          |    |
| 0162020 | Litkaber                              |    |                 |                 |          |    |
| 0162030 | Píslaraldin                           |    |                 |                 |          |    |
| 0162040 | Kaktusfíkjur                          |    |                 |                 |          |    |



| 1)      | 2)   | 3) | 4)              | 5)              | 6)              | 7)              |
|---------|--|----|-----------------|-----------------|-----------------|-----------------|
| 0162050 | Stjörmuepli  |    |                 |                 |                 |                 |
| 0162060 | Persimónur/Virginíu-kakí   |    |                 |                 |                 |                 |
| 0162990 | Annað (2)  |    |                 |                 |                 |                 |
| 0163000 | <b>c) Óætu hýði, stór</b>  |    |                 | <b>0,01 (*)</b> | 0,01 (*)        |                 |
| 0163010 | Lárperur   |    |                 |                 |                 |                 |
| 0163020 | Bananar  |    |                 |                 |                 |                 |
| 0163030 | Mangó  |    |                 |                 |                 |                 |
| 0163040 | Papæjualdin  |    |                 |                 |                 |                 |
| 0163050 | Granatepli   |    |                 |                 |                 |                 |
| 0163060 | Morgunberkjur  |    |                 |                 |                 |                 |
| 0163070 | Gvökur   |    |                 |                 |                 |                 |
| 0163080 | Ananas   |    |                 |                 |                 |                 |
| 0163090 | Brauðaldin   |    |                 |                 |                 |                 |
| 0163100 | Dáraaldin  |    |                 |                 |                 |                 |
| 0163110 | Nónberkjur   |    |                 |                 |                 |                 |
| 0163990 | Annað (2)  |    |                 |                 |                 |                 |
| 0200000 | <b>NÝTT eða FRYST GRÆNMETI</b>                                       |    |                 |                 |                 |                 |
| 0210000 | <b>Rótar- og hnýðisgrænmeti</b>                                      |    |                 | <b>0,01 (*)</b> |                 |                 |
| 0211000 | <b>a) Kartöflur</b>  |    | <b>4</b>        |                 | 0,05            | <b>0,03(+)</b>  |
| 0212000 | <b>b) Hitabeltisrótar- og hnýðisgrænmeti</b>                         |    |                 |                 |                 | <b>0,02 (*)</b> |
| 0212010 | Kassavarætur   |    | <b>0,09 (*)</b> |                 | <b>0,01 (*)</b> |                 |
| 0212020 | Sætar kartöflur  |    | <b>0,6</b>      |                 | 0,04            |                 |
| 0212030 | Mjölrótarhnýði   |    | <b>0,09 (*)</b> |                 | <b>0,01 (*)</b> |                 |
| 0212040 | Örvarætur  |    | <b>0,09 (*)</b> |                 | <b>0,01 (*)</b> |                 |
| 0212990 | Annað (2)  |    | <b>0,09 (*)</b> |                 | <b>0,01 (*)</b> |                 |
| 0213000 | <b>c) Annað rótar- og hnýðisgrænmeti, að sykurrófum undanskildum</b> |    |                 |                 |                 | <b>0,02 (*)</b> |
| 0213010 | Rauðrófur  |    | <b>3</b>        |                 | 0,6             |                 |

| 1)      | 2)  | 3) | 4)              | 5)              | 6)              | 7)              |
|---------|---|----|-----------------|-----------------|-----------------|-----------------|
| 0213020 | Gulrætur  |    | 5               |                 | 0,6             | (+)             |
| 0213030 | Hnúðsillur/hnúðsellerí                              |    | 3               |                 | <b>0,01</b> (*) |                 |
| 0213040 | Piparrót  |    | 3               |                 | 0,6             |                 |
| 0213050 | Ætihnúðar   |    | 0,9             |                 | 0,6             |                 |
| 0213060 | Nípur   |    | 3               |                 | 0,6             | (+)             |
| 0213070 | Steinseljurætur                                     |    | 1               |                 | 0,6             |                 |
| 0213080 | Hreðkur   |    | 3               |                 | 3               |                 |
| 0213090 | Hafursrætur   |    | 3               |                 | <b>0,01</b> (*) |                 |
| 0213100 | Gulrófur  |    | 1               |                 | 0,6             |                 |
| 0213110 | Næpur   |    | 3               |                 | 0,6             |                 |
| 0213990 | Annað (2)   |    | <b>0,9</b>      |                 | <b>0,01</b> (*) |                 |
| 0220000 | <b>Laukar</b>                                       |    |                 | <b>0,01</b> (*) |                 | <b>0,02</b> (*) |
| 0220010 | Hvítlaukur  |    | 1,5             |                 | 0,8             |                 |
| 0220020 | Laukar  |    | 3               |                 | 0,8             |                 |
| 0220030 | Skalottlaukar                                       |    | 1,5             |                 | 0,8             |                 |
| 0220040 | Vorlaukar og pípulaukar                             |    | <b>0,3(+)</b>   |                 | 4(+)            |                 |
| 0220990 | Annað (2)   |    | <b>0,3</b>      |                 | 0,8             |                 |
| 0230000 | <b>Aldingrænmeti</b>                                |    |                 |                 |                 | <b>0,02</b> (*) |
| 0231000 | <b>a) Náttskuggaætt og stokkrósaætt</b>             |    |                 |                 | 2               |                 |
| 0231010 | Tómatar   |    | 1,5             | 0,4             |                 |                 |
| 0231020 | Paprikur  |    | 9               | <b>0,01</b> (*) |                 |                 |
| 0231030 | Eggaldin  |    | 1,5             | 0,4             |                 |                 |
| 0231040 | Okkur   |    | <b>0,09</b> (*) | <b>0,01</b> (*) |                 |                 |
| 0231990 | Annað (2)   |    | <b>0,09</b> (*) | <b>0,01</b> (*) |                 |                 |
| 0232000 | <b>b) Aldin plantna af graskersætt með ætu hýði</b> |    | <b>0,09</b> (*) |                 | 0,7             |                 |
| 0232010 | Gúrkur  |    |                 | 0,4             |                 |                 |
| 0232020 | Smágúrkur   |    |                 | <b>0,01</b> (*) |                 |                 |

| 1)      | 2)   | 3) | 4)              | 5)              | 6)           | 7)              |
|---------|--|----|-----------------|-----------------|--------------|-----------------|
| 0232030 | Dvergbítar   |    |                 | <b>0,01 (*)</b> |              |                 |
| 0232990 | Annað (2)  |    |                 | <b>0,01 (*)</b> |              |                 |
| 0233000 | <b>c) Aldin plantna af graskersætt með óætu hýði</b>                               |    | <b>0,09 (*)</b> | <b>0,01 (*)</b> | 0,6          |                 |
| 0233010 | Melónur  |    |                 |                 |              |                 |
| 0233020 | Risagrasker  |    |                 |                 |              |                 |
| 0233030 | Vatnsmelónur   |    |                 |                 |              |                 |
| 0233990 | Annað (2)  |    |                 |                 |              |                 |
| 0234000 | <b>d) Sykurmaís</b>  |    | <b>0,09 (*)</b> | <b>0,01 (*)</b> | 0,02         |                 |
| 0239000 | <b>e) Annað aldingrænmeti</b>  |    | <b>0,09 (*)</b> | <b>0,01 (*)</b> | 0,01 (*)     |                 |
| 0240000 | <b>Kál (að undanskildum rótum og nýblöðum af plöntum af ættkvíslinni Brassica)</b> |    |                 | <b>0,01 (*)</b> |              | <b>0,02 (*)</b> |
| 0241000 | <b>a) Blómstrandi kál</b>  |    | <b>9</b>        |                 | 4            |                 |
| 0241010 | Spergilkál   |    |                 |                 |              |                 |
| 0241020 | Blómkál  |    |                 |                 |              |                 |
| 0241990 | Annað (2)  |    |                 |                 |              |                 |
| 0242000 | <b>b) Kálhöfuð</b>   |    | <b>9</b>        |                 |              |                 |
| 0242010 | Rósakál  |    |                 |                 | 0,01 (*)     |                 |
| 0242020 | Höfuðkál   |    |                 |                 | 4            |                 |
| 0242990 | Annað (2)  |    |                 |                 | 0,01 (*)     |                 |
| 0243000 | <b>c) Blaðkál</b>  |    | <b>3</b>        |                 | 0,01 (*)     |                 |
| 0243010 | Kínakál  |    |                 |                 |              |                 |
| 0243020 | Grænkál  |    |                 |                 |              |                 |
| 0243990 | Annað (2)  |    |                 |                 |              |                 |
| 0244000 | <b>d) Hnúðkál</b>  |    | <b>9</b>        |                 | 0,01 (*)     |                 |
| 0250000 | <b>Blaðgrænmeti, kryddjurtir og æt blóm</b>  |    |                 |                 |              |                 |
| 0251000 | <b>a) Salat og salatplöntur</b>  |    |                 | <b>0,01 (*)</b> |              |                 |
| 0251010 | Vorsalat/strábrúða   |    | <b>2(+)</b>     |                 | <b>20(+)</b> | <b>0,4(+)</b>   |
| 0251020 | Salat  |    | 1,5             |                 | <b>20(+)</b> | <b>0,02 (*)</b> |

| 1)      | 2)   | 3) | 4)       | 5)       | 6)       | 7)           |
|---------|--|----|----------|----------|----------|--------------|
| 0251030 | Breiðblaða salatfíflar   |    | 1(+)     |          | 0,01 (*) | 0,02 (*)     |
| 0251040 | Karsi og aðrar spírir og sprotar                                     |    | 1(+)     |          | 20(+)    | 0,02 (*)     |
| 0251050 | Vetrarkarsi  |    | 1(+)     |          | 20(+)    | 0,02 (*)     |
| 0251060 | Klettsalat   |    | 3        |          | 20(+)    | 0,02 (*)     |
| 0251070 | Sinnepskál   |    | 3        |          | 20(+)    | 0,02 (*)     |
| 0251080 | Nýblöð af plöntum (þ.m.t. tegundum af ættkvíslinni <i>Brassica</i> ) |    | 3        |          | 50(+)    | 0,02 (*)     |
| 0251990 | Annað (2)  |    | 1        |          | 0,01 (*) | 0,02 (*)     |
| 0252000 | <b>b) Spínat og áþekkt blöð</b>                                      |    | 2        | 0,01 (*) | 30       | 0,02 (*)     |
| 0252010 | Spínat   |    |          |          | (+)      | (+)          |
| 0252020 | Súpugull   |    |          |          | (+)      |              |
| 0252030 | Blaðbeðjur   |    |          |          | (+)      |              |
| 0252990 | Annað (2)  |    |          |          |          |              |
| 0253000 | <b>c) Vínviðarlauf og áþekktar tegundir</b>                          |    | 0,09 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,02 (*)     |
| 0254000 | <b>d) Brunnerla</b>  |    | 0,09 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,02 (*) (+) |
| 0255000 | <b>e) Jólásalat/salatfíflar</b>                                      |    | 0,09 (*) | 0,01 (*) | 0,01 (*) | 0,02 (*)     |
| 0256000 | <b>f) Kryddjurtir og æt blóm</b>                                     |    |          | 0,02 (*) |          | 0,04 (*)     |
| 0256010 | Kerfill  |    | 2        |          | 20(+)    |              |
| 0256020 | Graslaukur   |    | 0,8      |          | 20(+)    |              |
| 0256030 | Blöð af sellerí  |    | 2        |          | 0,02 (*) | (+)          |
| 0256040 | Steinselja   |    | 2        |          | 0,02 (*) | (+)          |
| 0256050 | Salvía   |    | 2        |          | 0,02 (*) | (+)          |
| 0256060 | Rósmarín   |    | 2        |          | 0,02 (*) |              |
| 0256070 | Garðablóðberg  |    | 2        |          | 0,02 (*) | (+)          |
| 0256080 | Basilíka og æt blóm  |    | 2        |          | 0,02 (*) | (+)          |
| 0256090 | Lárviðarlauf   |    | 2        |          | 0,02 (*) |              |
| 0256100 | Fáfnisgras   |    | 2        |          | 0,02 (*) |              |
| 0256990 | Annað (2)  |    | 0,8      |          | 0,02 (*) |              |

| 1)      | 2)  | 3) | 4)              | 5)              | 6)           | 7)              |
|---------|---|----|-----------------|-----------------|--------------|-----------------|
| 0260000 | <b>Belgávextir</b>                        |    |                 | <b>0,01 (*)</b> |              | <b>0,02 (*)</b> |
| 0260010 | Baunir (með fræbelg)                      |    | 15              |                 | 3            | (+)             |
| 0260020 | Baunir (án fræbelgs)                      |    | <b>15</b>       |                 | 0,4          | (+)             |
| 0260030 | Ertur (með fræbelg)                       |    | <b>2</b>        |                 | 4            |                 |
| 0260040 | Ertur (án fræbelgs)                       |    | 15              |                 | 0,3          |                 |
| 0260050 | Linsubaunir                               |    | <b>15</b>       |                 | 0,01 (*)     |                 |
| 0260990 | Annað (2)                                 |    | <b>2</b>        |                 | 0,01 (*)     |                 |
| 0270000 | <b>Stöngulgrænmeti</b>                    |    |                 | <b>0,01 (*)</b> |              | <b>0,02 (*)</b> |
| 0270010 | Sperglar                                  |    | <b>0,09 (*)</b> |                 | 0,01 (*)     | (+)             |
| 0270020 | Salatþistlar                              |    | <b>0,09 (*)</b> |                 | <b>20(+)</b> |                 |
| 0270030 | Sellerí                                   |    | <b>0,09 (*)</b> |                 | 20(+)        |                 |
| 0270040 | Hnúðfenníkur                              |    | <b>0,09 (*)</b> |                 | 20(+)        | (+)             |
| 0270050 | Ætiþistlar                                |    | <b>0,09 (*)</b> |                 | 0,01 (*)     |                 |
| 0270060 | Blaðlaukar                                |    | 4               |                 | 3(+)         |                 |
| 0270070 | Rabarbarar                                |    | <b>0,09 (*)</b> |                 | 15(+)        |                 |
| 0270080 | Bambussprotar                             |    | <b>0,09 (*)</b> |                 | 0,01 (*)     |                 |
| 0270090 | Pálmakjarnar                              |    | <b>0,09 (*)</b> |                 | 0,01 (*)     |                 |
| 0270990 | Annað (2)                                 |    | <b>0,09 (*)</b> |                 | 0,01 (*)     |                 |
| 0280000 | <b>Sveppir, mosar og fléttur</b>          |    | <b>0,09 (*)</b> | <b>0,01 (*)</b> | 0,01 (*)     | <b>0,02 (*)</b> |
| 0280010 | Ræktaðir sveppir                          |    |                 |                 |              |                 |
| 0280020 | Villtir sveppir                           |    |                 |                 |              |                 |
| 0280990 | Mosar og fléttur                          |    |                 |                 |              |                 |
| 0290000 | <b>Þörungar og dreifkjörnungslífverur</b> |    | <b>0,09 (*)</b> | <b>0,01 (*)</b> | 0,01 (*)     | <b>0,02 (*)</b> |
| 0300000 | <b>BELGÁVEXTIR</b>                        |    |                 | <b>0,01 (*)</b> | 0,3          | <b>0,02 (*)</b> |
| 0300010 | Baunir                                    |    | 30              |                 |              | (+)             |
| 0300020 | Linsubaunir                               |    | <b>20</b>       |                 |              |                 |
| 0300030 | Ertur                                     |    | 30              |                 |              | (+)             |

| 1)      | 2)                              | 3) | 4)              | 5)              | 6)       | 7)              |
|---------|---------------------------------|----|-----------------|-----------------|----------|-----------------|
| 0300040 | Lúpínur/lúpínubaunir            |    | <b>20</b>       |                 |          |                 |
| 0300990 | Annað (2)                       |    | <b>20</b>       |                 |          |                 |
| 0400000 | <b>OLÍUFRÆ OG OLÍURÍK ALDIN</b> |    |                 | <b>0,01 (*)</b> |          |                 |
| 0401000 | <b>Olíufræ</b>                  |    |                 |                 |          |                 |
| 0401010 | Hörfræ                          |    | 7               |                 | 0,01 (*) | <b>0,02 (*)</b> |
| 0401020 | Jarðhnetur                      |    | <b>0,09 (*)</b> |                 | 0,05     | <b>0,02 (*)</b> |
| 0401030 | Valmúafræ                       |    | 7               |                 | 0,01 (*) | <b>0,02 (*)</b> |
| 0401040 | Sesamfræ                        |    | <b>0,09 (*)</b> |                 | 0,01 (*) | <b>0,02 (*)</b> |
| 0401050 | Sólblómafræ                     |    | 7               |                 | 1,5      | <b>0,02(+)</b>  |
| 0401060 | Repjufræ                        |    | 7               |                 | 0,5      | <b>0,02 (*)</b> |
| 0401070 | Sojabaunir                      |    | 80              |                 | 0,3      | <b>0,02(+)</b>  |
| 0401080 | Mustarðsfræ                     |    | <b>6</b>        |                 | 0,01 (*) | <b>0,02 (*)</b> |
| 0401090 | Baðmullarfræ                    |    | 7               |                 | 0,5(+)   | <b>0,02 (*)</b> |
| 0401100 | Risagraskersfræ                 |    | <b>0,09 (*)</b> |                 | 0,01 (*) | <b>0,02 (*)</b> |
| 0401110 | Litunarþistilsfræ               |    | <b>0,09 (*)</b> |                 | 0,01 (*) | <b>0,02 (*)</b> |
| 0401120 | Hjólkrónufræ                    |    | 7               |                 | 0,01 (*) | <b>0,02 (*)</b> |
| 0401130 | Akurdoðrufræ                    |    | <b>0,09 (*)</b> |                 | 0,01 (*) | <b>0,02 (*)</b> |
| 0401140 | Hampfræ                         |    | <b>0,09 (*)</b> |                 | 0,01 (*) | <b>0,02 (*)</b> |
| 0401150 | Kristpálmafræ                   |    | <b>0,09 (*)</b> |                 | 0,01 (*) | <b>0,02 (*)</b> |
| 0401990 | Annað (2)                       |    | <b>0,09 (*)</b> |                 | 0,01 (*) | <b>0,02 (*)</b> |
| 0402000 | <b>Olíurík aldin</b>            |    | <b>0,09 (*)</b> |                 | 0,01 (*) | <b>0,02 (*)</b> |
| 0402010 | Ólífur til olíuframléiðslu      |    |                 |                 |          |                 |
| 0402020 | Olíupálmakjarnar                |    |                 |                 |          |                 |
| 0402030 | Olíupálmaaldin                  |    |                 |                 |          |                 |
| 0402040 | Dúnviðaraldin                   |    |                 |                 |          |                 |
| 0402990 | Annað (2)                       |    |                 |                 |          |                 |

| 1)      | 2)   | 3) | 4)              | 5)              | 6)              | 7)              |
|---------|--|----|-----------------|-----------------|-----------------|-----------------|
| 0500000 | <b>KORNVÖRUR</b>                                   |    |                 | <b>0,01 (*)</b> |                 | <b>0,02 (*)</b> |
| 0500010 | Bygg   |    | <b>0,09 (*)</b> |                 | <b>0,4(+)</b>   |                 |
| 0500020 | Bókhveiti og aðrar sýndarkornategundir             |    | <b>0,09 (*)</b> |                 | 0,01 (*)        |                 |
| 0500030 | Máis   |    | 0,2(+)          |                 | 0,01 (*)        |                 |
| 0500040 | Hirsi  |    | <b>0,09 (*)</b> |                 | 0,8             |                 |
| 0500050 | Hafrar   |    | <b>0,09 (*)</b> |                 | <b>0,2</b>      |                 |
| 0500060 | Hrísgrjón  |    | 0,09 (*)        |                 | 0,01 (*)        |                 |
| 0500070 | Rúgur  |    | <b>0,09 (*)</b> |                 | <b>0,15</b>     |                 |
| 0500080 | Dúrri  |    | <b>0,09 (*)</b> |                 | 0,8(+)          |                 |
| 0500090 | Hveiti   |    | <b>0,09 (*)</b> |                 | <b>0,15</b>     |                 |
| 0500990 | Annað (2)  |    | <b>0,09 (*)</b> |                 | 0,01 (*)        |                 |
| 0600000 | <b>TE, KAFFI, JURTATE, KAKÓ OG JÓHANNESARBRAUÐ</b> |    |                 | <b>0,05 (*)</b> | <b>0,05 (*)</b> | <b>0,1 (*)</b>  |
| 0610000 | <b>Te</b>  |    | <b>0,1 (*)</b>  |                 |                 |                 |
| 0620000 | <b>Kaffibaunir</b>                                 |    | <b>0,1 (*)</b>  |                 |                 |                 |
| 0630000 | <b>Jurtate úr</b>                                  |    |                 |                 |                 |                 |
| 0631000 | a) <b>Blómum</b>                                   |    | <b>0,1 (*)</b>  |                 |                 |                 |
| 0631010 | Gæsajurt   |    |                 |                 |                 |                 |
| 0631020 | Læknakólfur  |    |                 |                 |                 |                 |
| 0631030 | Rósir  |    |                 |                 |                 |                 |
| 0631040 | Jasmína  |    |                 |                 |                 |                 |
| 0631050 | Lindiblóm  |    |                 |                 |                 |                 |
| 0631990 | Annað (2)  |    |                 |                 |                 |                 |
| 0632000 | b) <b>Blöðum og kryddjurtum</b>                    |    | <b>0,1 (*)</b>  |                 |                 |                 |
| 0632010 | Jarðarber  |    |                 |                 |                 |                 |
| 0632020 | Rauðrunnalauf                                      |    |                 |                 |                 |                 |
| 0632030 | Indíánaþyrnislaufr                                 |    |                 |                 |                 |                 |
